

REGLUR UM INNTÖKU

í listkennsludeild Listaháskóla Íslands

I. Inntökuskilyrði

Inntaka nema byggist á ákvæðum laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=1bc53790-2752-4831-95f3-1b90facdcdbf>

ásamt reglugerðum nr. 694/1998 um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/b7fd33650490f8cf00256a07003476bb/be06ba5e61d17e8600256a080032e137?>

Lög þessi og reglugerðir er að finna á vef Menntamálaráðuneytis.

Rétt til þess að sækja um inngöngu hafa þeir sem lokið hafa:

1. BA-prófi eða sambærilegu 180 eininga háskólanámi í myndlist, hönnun, leiklist, dansi eða tónlist hérlendis eða við viðurkennda erlenda háskóla. Umsækjendur með lokapróf frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands og frá kennaradeildum og tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík eru metnir með sambærilega menntun og bakkalármenntun.
2. Við mat á námi frá erlendum háskólum er stuðst við opinber gögn og upplýsingar frá viðkomandi landi. Einnig liggja til grundvallar alþjóðasamningar sem Ísland á aðild að ásamt Lissabon samningnum og samningi milli Norðurlandanna um gangkvæma viðurkenningu á námi. Leiki einhver vafi á að umsækjandi hafi fullgild próf samkvæmt þessum samningum er hægt að leita til NARIC /ENIC skrifstofu sem staðsett er í Háskóla Íslands og óska eftir mati samkvæmt fyrrnefndum samningum.

II. Stjórn inntöku

1. Stjórn Listaháskóla Íslands ákveður í ársbyrjun fjölda þeirra nemenda sem heimilt er að taka í kennsluréttindanámi á árinu.
2. Inntaka í kennsluréttindanámi er í höndum inntökunefndar. Inntökunefnd er skipuð af deildarforseta listkennsludeildar. Í henni eiga sæti sérfræðingar frá hverri listgrein. Þeir umsækjendur sem uppfylla skilyrði um menntun eru kallaðir í viðtal.

III. Umsóknir

1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn á vef skólans, staðfestir hana, prentar út og undirritar. Umsókninni þarf að skila ásamt umbeðnum gögnum á skrifstofu skólans, annað hvort á aðalskrifstofu skólans Skipholti 1 eða LHÍ í Laugarnesi, Laugarnesvegi 91.
2. Umsókn þarf að fylgja staðfest afrit prófskírteina (framhaldsskóla og háskóla), ferilskrá yfir listræn störf, greinagerð um ástæður umsóknar og umsagnir tveggja meðmælenda.
3. Umsækjendur þurfa að hafa góð tök á íslenskri tungu, bæði í tali og ritun, og geta lesið námsefni á ensku og Norðurlandamálum. Ennfremur að hafa lágmarksfærni í ritvinnslu og tölvusamskiptum.
4. Rafræn umsóknareyðublöð, inntökureglur og almennar upplýsingar um námið eru aðgengilega á vef skólans.
5. Móttöku umsókna er hætt þegar umsóknarfrestur hefur runnið út og þurfa

umsækjendur þá að hafa skilað inn öllum gögum svo umsókn teljist gild.

IV. Viðmið við mat á umsækjendum

Við mat á umsóknum er horft til:

1. **Menntunar.** Einkum á háskólastigi.
2. **Námsárangurs.** Meta skal umsækjendur eftir námsárangri á þeim sviðum sem álíta má góðan undirbúning fyrir nám við listkennsludeild LHÍ.
3. **Starfsreynslu.** Einkum er litið til starfa við kennslu, stjórnun og félagsstörf.
4. **Önnur atriði.** Við mat á umsækjendum er heimilt að líta til atriða eins og ritfærni, málakunnáttu, frumkvæðis, áhuga, samskiptahæfni og vinnusemi. Þá er heimilt að leggja mat á greinargerð þar sem umsækjendur rökstyðja umsókn sína. Líta skal til þeirra meðmæla sem umsækjandi hefur hlotið. Meðmæli skulu vera trúnaðarmál.

V. Tilkynning um niðurstöður

1. Að inntöku lokinni verður umsækjendum svarað bréflaga og þeim sem boðin er skólavist ber að staðfesta umsókn sína með greiðslu skráningargjalds fyrir tiltekinn tíma. Staðfesti umsækjandi ekki umsókn sína fyrir þann tíma fellur hún úr gildi og umsækjanda á biðlista er boðin skólavist með sömu skilyrðum.